Listahátíð í Reykjavík 2008

Listin í vísindunum

Hugmyndum bylt á tilraunamara-þoni í Hafnarhúsi

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

ÞAÐ ætti ekki að hafa farið framhjá neinum að Listahátíð í Reykjavík er um það bil að bresta á, hinn 15. maí nk. Það ætti heldur ekki að hafa farið framhjá neinum að halda á sk. tilraunamaraþon í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

Það getur enginn haldið því fram að hann finni ekkert við sitt hæfi í tilraunamaraþoninu, slík er fjölbreytnin. Tilraunir verða gerðar á öllum mögulegum sviðum, ekki aðeins á sviði lista, þátttakendur eru ekki aðeins listamenn heldur einnig vísindamenn, arkitektar, fræðimenn margs konar, m.a. stjarneðlisfræðingur og stoðtækjasérfræðingur.

Viðburðurinn skiptist í tvennt, annars vegar maraþon þar sem hver tilraunin er gerð á fætur annarri um opnunarhelgi hátíðarinnar og hins vegar sýningu sem standa mun yfir í sumar, til 24. ágúst. Sýningunni og verkefninu er stýrt af tveimur heimsþekktum mönnum úr myndlistarheiminum, Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóra sem starfar í Serpentine Gallery í London, og hinum eina sanna Ólafi Elíassyni myndlistarmanni.

Listin í vísindunum og vísindin í listinni

„Þetta er í raun og veru rosalega breiður vettvangur í kynningu á tilraunum," segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, til frekari útskýringar. Í raun megi segja að listir skarist við ýmsar fræðigreinar og greinar sem menn hafi talið til þessa ótengdar listum. Sá gjörningur/tilraun sem án efa mun vekja hvað mesta athygli er sá sem hin heimsþekkta myndlistarkona Marina Abramovic mun gera og ber titilinn *Sálkönnunarborðið*. Þar mun hún leiða gesti í sálarrannsóknarferð með aðstoð kynlífsfræðingsins heimskunna Dr. Ruth og Obrist.



Soffía Karlsdóttir Kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur.



Sálkönnuður Marina Abramovic gerir tilraun í tilraunamaraþoni Serpentine-gallerísins í fyrrasumar. Spennandi verður að sjá upp á hverju hún tekur með Obrist og Dr. Ruth á Sálkönnunarborðinu.

En hver skyldi grunnhugmyndin að þessu öllu saman vera, tilraunamaraþoninu? Að bylta hugmyndinni um hvað listasafn sé og til hvers, hvort einhver skil séu á milli vísinda og listar yfirleitt?

„Hvernig listin er í vísindunum og vísindin í listinni, í raun og veru," svarar Soffía. „Að þetta sé ekki aðskilið og að þessi lærða reynsla okkar kemur út frá þeim tilraunum sem við gerum, meðal annars. Hvernig skoðum við umheiminn? Við skoðum hann út frá því sem við lærum og við lærum með því að gera tilraunir og þannig komumst við áfram. Þetta er líka það sem listamenn hafa verið að gera og blandast svolítið saman.



Tilraunalistamenn Fjöllistamaðurinn Brian Eno, sem hefur m.a. unnið með stórstjörnum á borð við David Bowie og U2, verður með risastóra hljóðinnsetningu í Hafnarhúsinu, auk þess að vinna með Ólafi Elíassyni.



Morgunblaðið/Porkell

Stjórinn Ólafur Elíasson.

Sjáðu t.d. mann eins og Ólaf Elíasson, maður veit aldrei alveg á hvaða stað hann er. Hann blandar þessu ótrúlega skemmtilega saman. Maður notar hann svo oft sem dæmi af því að fólk þekkir verk hans."

Eno og Elíasson

Soffía segist mikið hafa velt því fyrir sér hvaða gestum eða áhorfendum safnið geti átt von á og er niðurstaðan líklega þessi: Hverjum sem er. Einn þekktasti þátttakandinn í maraþoninu er án efa fjöllistamaðurinn og upptökustjórinn Brian Eno, sem hefur m.a. unnið með stórstjörnum á borð við David Bowie og U2. „Brian Eno er hér með risastóra hljóðinnsetningu sem hann hefur verið að setja upp, rosalega flotta, og hann verður líka með gjörning eða tilraun með Ólafi Elíassyni. Það bara skarast öll svið þarna," segir Soffía spennt. Um 60 manns taka þátt í maraþoninu og því ómögulegt að gera því öllu skil í einu viðtali eða umfjöllun.

Að þessu sögðu ætti að vera ljóst að boðið verður upp á einstakan listviðburð í Reykjavík eftir tæpa viku og vart hægt að finna betra tækifæri til að opna hug sinn fyrir möguleikum listarinnar og samtengingu við alla mögulega hluti.

www.listasafnreykjavikur.is



Mæðgin Billy Joel og dóttir hans,Alexa Ray Joel, sungu saman nokkur lög.



Reuters

Söngleikur Sting syngur við undirleik leikarans Dustins Hoffman sem þótti nokkuð lunkinn á slaghörpuna.



Fjölskylduband James Taylor ásamt börnum sínum, Sally og Ben.

Eplið og eikin

HEIMSFRÆGIR tónlistarmenn á borð við Billy Joel, James Taylor, Sting og Brian Wilson voru á meðal þeirra sem lögðu sitt af mörkum við verndun regnskóga Suður-Ameríku á tónleikum í Carnegie Hall á fimmtudaginn. Tónleikarnir eru runnir undan rifjum hjónanna Sting og Trudie Styler sem reka svokallaðan Regnskógasjóð (Rainforest Foundation) en þetta mun vera í 20. sinn sem styrktartónleikarnir eru haldnir. Að þeim loknum var boðið til hátíðarkvöldverðar á Plaza hótelinu. Eins og sjá má á myndunum nutu stjörnurnar aðstoðar barna sinna sem sýndu að listrænir hæfileikar ganga svo sannarlega í erfðir.



Ungstirni Coco Sumner, dóttir tónlistarmannsins Sting, sýndi hvers hún er megnug á tónlistarsviðinu. Ekki fylgir sögunni hvort hún tók „Roxanne".



Einörð Sting og Styler stofnuðu styrktarsjóðinn fyrir um 20 árum og virðast hvergi af baki dottin þrátt fyrir síaukinn ágang fólks á regnskógana.